



Reykjavík, 27. september 2024
PON23110006

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Óskar Þór Þráinsson, skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar á þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar

Efni: Greinargerð með endurskoðun á reglum um skjölun og meðferð erinda

Gerð stafrænnar stefnu Reykjavíkurborgar hefur í för með sér að eldri stefnur ljúka hlutverki sínu. Þar á meðal er skjalastefna Reykjavíkurborgar 2015-2020. Samhliða innleiðingu stafrænnar stefnu er nauðsynlegt að endurskoða verklagsreglur um skjölun mála, meðferð erinda og skil til skjaladeildar þannig að skýrar reglur gildi um skjalamál hjá Reykjavíkurborg í samræmi við lög. Umfang málaflokksins, framþróun í innleiðingu upplýsingastjórnunarkerfisins Hlöðunnar og utanumhald málaflokksins innan Reykjavíkurborgar hefur tekið stakkaskiptum á liðnum árum síðan skjalastefnan og verklagsreglurnar voru skrifaðar. Breytingar innan málaflokksins vegna tilfærslu verkefna frá Borgarskjalasafni til Þjóðskjalasafns Íslands ýta einnig undir mikilvægi skýrra reglna um ábyrgð og umfang upplýsinga- og skjalamála.

Settur var saman starfshópur með erindisbréfi dags. 1. nóvember 2023 þar sem helstu hlutverk og viðfangsefni voru skilgreind. Hlutverk starfshópsins var að endurskoða og yfirfara reglur um upplýsinga- og skjalastjórn Reykjavíkurborgar og gera tillögu að nýjum reglum.

Helstu verkefni/viðfangsefni voru:

- Endurskoða verklagsreglur um skjölun mála, meðferð erinda og skil til skjaladeildar.
- Yfirfara reglurnar miðað við stafræna stefnu og ógildingu skjalastefnu.
- Yfirfara reglurnar miðað við upplýsinga- og skjalastjórn Reykjavíkurborgar.
- Yfirfara reglurnar miðað við laga- og reglubreytingar sem kunna hafa orðið.
- Yfirfara reglurnar miðað við áhrif á flutning verkefna frá Borgarskjalasafni til Þjóðskjalasafns Íslands.

Starfshópin/stýrihópin skipuðu:

- Óskar Þór Þráinsson (formaður), skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar, þjónustu- og nýsköpunarsvið
- Fany Larota Catunta, skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar, þjónustu- og nýsköpunarsvið
- Karen Gyða Guðmundsdóttir, skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar, þjónustu- og nýsköpunarsvið
- Halldóra Jónsdóttir, skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar, þjónustu- og nýsköpunarsvið



Reykjavík



- Harpa Dögg Kristinsdóttir, skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar, þjónustu- og nýsköpunarsvið
- Aldís Geirdal Sverrisdóttir, teymisstjóri lögfræðiþjónustu, þjónustu- og nýsköpunarsvið

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

- Eva Pandora Baldursdóttir, verkefnastjóri stjórnáslumála, þjónustu- og nýsköpunarsvið

Starfshópurinn fundaði í nóvember og desember 2023 og janúar 2024 en lauk störfum með drögum að reglum þegar stafræn stefna Reykjavíkurborgar var send í fyrra samráðsferli í október 2023. Vinna var sett til hliðar á meðan unnið var frekar að undirbúningi stafrænnar stefnu en nú er tímabært að ljúka endurskoðun reglnanna.

Niðurstaða:

Skjalastjórnun Reykjavíkur hefur tekið jákvæðum umbreytingum með skjalastefna Reykjavíkurborgar 2015 - 2020. Skjalastefnan tók á leiðarljósum, lagaumhverfi, markmiðum, ábyrgð sem og hugtökum og skýringum. Í stafrænni stefnu Reykjavíkurborgar verður tekið á efnislega leiðarljósinu en ekki öðrum þáttum gömlu skjalastefnunnar.

Það er niðurstaða starfshópsins að gefa þurfi út nýjar reglur í stað „verklagsreglna um skjölun mála, meðferð erinda og skil til skjaladeildar„ og úreldingu skjalastefnu 2015-2020 þar sem nánar er tekið á markmiðum, umfangi, lögum og reglum, ábyrgð, hlutverki og skilgreiningu á skjalasafni Reykjavíkurborgar. Þetta er í samræmi við aðrar reglur og samþykktir Reykjavíkurborgar.

Endurskoðaðar reglur skilgreina skjalasafn Reykjavíkurborgar og ábyrgð á skjalastýringu innan Reykjavíkurborgar. Í kjölfar staðfestinga á reglunum er það staðfest verkefni skrifstofunnar að útfæra hlítinu að reglunum með því að uppfæra stýriskjöl skjalastjórnunar svo sem skjalavistunaráætlanir, málalykla, vinnuleiðbeiningar með skjalasafni, yfirfara tilkynningar um rafræn skil, yfirsýn geymsluskraa og grisjunarheimilda til að tryggja kerfisbundna stjórn á gögnum frá upphafi, varðveislu á öruggan hátt í réttu umhverfi og að tryggja langtímarvarðveislu gagna úr skjalasafni Reykjavíkurborgar.

Tillaga starfshópsins er að setja reglurnar í samráðsgátt Reykjavíkur til að óska eftir álit hagskipa svo sem Þjóðskjalasafns Íslands og undirstofnana.

Nánari skýringar á einstökum greinum reglnanna:


1. Í **markmiðum** er farið yfir grundvallarmarkmið upplýsinga- og skjalastjórnunar sem felur í sér tilvísun kröfur laga um opinber skjalasöfn en einnig gildi góðrar skjalastjórnunar.
2. Í **umfangslýsingu** er skilgreint hvaða starfsemi Reykjavíkurborgar reglurnar ná yfir.
3. Í **lögum og reglum** eru listi yfir gildandi lög og reglur sem reglurnar byggja á.
4. Í **ábyrgðarkafli** er skýrð út ábyrgðaraðild starfólks og stjórnenda á að fylgja reglunum.
5. Í **hlutverkskafla** er formgert ábyrgðarhlutverk skrifstofu upplýsinga- og skjalastýringar varðandi umsjón, ráðgjöf, leiðbeiningar og frekari reglur. Þá er formgert að skrifstofan sé tengiliður Reykjavíkurborgar við Þjóðskjalasafn Íslands. Skrifstofan hefur haft þetta hlutverk síðan Þjónustu- og nýsköpunarsvið



var stofnað og skrifstofan tók til starfa 2021. Skrifstofan tók við tengiliðahlutverki við ÞÍ 1.jan 2024 og er það hlutverk skráð formlega hér.

6. Með skilgreiningu á **skjalasafni Reykjavíkurborgar** er verið að skilgreina frekar hvaða skipulagseiningar falla undir skjalavörslu Reykjavíkurborgar sem afhendingaskyldur aðili. Stjórnsýsla Reykjavíkurborgar er víðtæk og flókin og því er þörf á að skilgreinar nánar hvernig skipting grunnflokka skjalasafnsins eru. Verið er að teikna upp grunnflokka þar sem hægt er að útfæra ólíkar vinnuleiðbeiningar með skjalasafni. Til dæmis geta verið ólík upplýsingakerfi sem tilheyra skjalasafni innan grunnflokkananna. Í vinnuleiðbeiningum með skjalasafni sem unnar verða í kjölfar reglusetningar kveða nánar á um hvaða svið/skrifstofur/deildir/undirstofnanir og starfsstaðir heyra undir grunnflokkananna.
7. Í kaflanum **stýriskjöl skjalastjórnunar** eru talin upp þau stýriskjöl sem Reykjavíkurborg þarf að standa skil á til að uppfylla kröfur í lögum og reglum sem afhendingaskyldur aðili.

Meðfylgjandi er skýringamynd um samhengi stefnu, reglna og stýriskjala til að tryggja góða og vandaða stjórnsýsluhætti með kerfisbundinni stjórn á upplýsingum og skjölum:



Virðingarfyllst fyrir hönd starfshóps,

Óskar Þór Þráinsson,
skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar þjónustu- og nýsköpunarsviðs